

ÖRYGGI BARNNA



BARNIÐ HEIMA

Stór hluti uppeldis felst í því að verja börnin gegn óhöppum og kenna þeim að læra að þekkja og forðast hættur. Tilfellið er að flest slys á börnum verða í heimahúsum. Með því að vera meðvituð og viðhafa forvarnir er hægt að fyrirbyggja mörg óhöpp.

112
einn einn tveir

Kennum börnunum að hringja í Neyðarlínuna, **einn einn tveir**, ef eitthvað kemur upp á!






Er heimilið öruggt?

Gott er að gera það að reglu að kanna heimilið með öryggisatriði í huga.

- Reykskynjarar þurfa að vera í öllum svefnherbergjum
- Gætið þess að gengið sé þannig frá innstungum að börn geti ekki stungið smáum hlutum inn í þær
- Bönd í rimlagluggatjöldum eiga alltaf að vera vafin upp, efst í glugganum, vegna hættu á að börn vefji þeim um hálsinn
- Gott er að setja höggvara á horn borða til að minnka hættuna á alvarlegum áverkum
- Gætið vel að barninu við stigaop og í stigagöngum fjölbýlishúsa. Til eru stillanleg hlið sem hægt er að setja fyrir stigaop
- Athugið að leikföng barnsins hæfi aldri þess og þroska. Mörg leikföng eru ekki við hæfi lítilla barna
- Sjúkrakassi/-púði á að vera til á hverju heimili. Yfirfara þarf birgðir reglulega
- Kenndu barninu símanúmer Neyðarlínunnar og hafðu það skrifað við símann



Eldhúsið

Gætið þess að börn komist ekki í rofa eldavélarinnar eða í snertingu við hellurnar. Eldavél með ofni á að vera fest við vegginn svo ekki sé hætt á því að barnið hvolfi henni yfir sig, t.d. með því að stíga upp á ofnskúffuna. Börnum finnst gaman að hjálpa til við matseld og bakstur. Gætið varúðar þegar hrærivél er notuð og þegar bakaraofn er heitur. Skiljið upp-þvottavél aldrei eftir opna. Geymið hættuleg hreinsiefni og lyf í læstum skápum. Einnig þarf að passa að börn nái ekki í eldhúsáhöld sem geta verið hættuleg.

Baðherbergið

Skiljið lítil börn aldrei ein eftir í baði, jafnvel ekki stutta stund. Mikilvægt er að hafa hitastýrð blöndunartæki. Gætið þess að geyma allar sápur, hreinsiefni og snyrtivörur þar sem börn ná ekki til. Æskilegt er að hafa búnað við inntak inn í húsið sem lækkar hitann á heita vatninu. Hárbلاسara og önnur rafmagnstæki skal geyma á öruggum stað.






Geymist þar sem börn ná ekki til

Börn eru forvitin og sífelld að kanna umhverfi sitt. Gæta þarf sérstaklega vel að því að skilja ekki ákveðna hluti eftir á glámbekk og passa að börnin hafi ekki aðgengi að stöðum þar sem hættulegir hlutir eða efni eru geymd.

- ❑ Hnífar, skæri og önnur eggvopn eiga að vera í skúffum eða skápum með barnalæsingu
- ❑ Látið nálar, þrjóna og önnur hannyrðaverkfæri aldrei liggja á glámbekk
- ❑ Eldfæri á alltaf að geyma á stað þar sem börn ná ekki til
- ❑ Hreinsiefni, t.d. þvottaefni, uppþvottalögur, naglalakkshreinsir og aðrar snyrtivörur geta reynst börnum lífshættuleg og skal alltaf geyma þar sem börn ná ekki til
- ❑ Nokkrar tegundir stofublóma og afskorinna blóma eru eitruð og bera blöð sem valda eitrunaráhrifum
- ❑ Plastpokar eiga aldrei að vera staðsettir þar sem börn ná til
- ❑ Fjarlægjið smáhluti sem barnið getur stungið upp í sig með þeim afleiðingum að þeir festist í hálsi



ÖRYGGI UTANDYRA

Huga þarf að öryggi barna úti ekki síður en inni á heimilinu. Á Íslandi eru börn frjálssari þegar kemur að útivist en börn í nágrennalöndum og oft án eftirlits. Það er því afar mikilvægt að meta hættur í umhverfinu og bregðast við þeim.

Barn í vagni

- Festið barnið í beisli í barnavagninn eða kerruna
- Setjið alltaf net fyrir op barnavagnsins þegar barnið sefur úti
- Hafið barnavagninn ávallt í bremsu þegar vagninn er kyrrstæður
- Hafið skyndihjálparpúða alltaf til staðar



Börn að leik

- Gætið þess að börn séu aldrei ein í eða við heita potta eða tjarnir í gördum. Best er að hylja pottinn með þar til gerðu loki þegar hann er ekki notaður.
- Hafið eftirlit með ungum börnum í nánd við læki, vötn og sjó
- Börn eiga alltaf að nota hjálma þegar þau hjóla, renna sér á línu-skautum, hjólabretti eða hlaupahjóli, stunda hestamennsku eða skíði
- Akið varlega þar sem vænta má barna, t.d. í nánd við leiksvæði
- Trampólín eiga alltaf að vera með öryggisnet. Leyfið aðeins einu barni í einu að nota trampólínið
- Athugið vel leiksvæði barna. Ung börn eiga aldrei að vera eftirlitslaus

Börn og dýr

- Gætið barna vel í nánd við hesta
- Gætið þess að barnið noti öryggisvesti á hestbaki
- Börn eiga alltaf að vera með reiðhjálma á hestbaki og í nálægð við hesta
- Sýnið varúð þegar ókunnugir hundar nálgast barn. Biðjið eiganda leyfis áður en hundi er klappað

ATH. Það er hægt að hringja í 112 úr læstum síma sem og án inneignar í neyðartilfellum. Kennið börnunum símanúmer Neyðarlínunnar. Kynntu þér helstu atriði fyrstu hjálpar. Þú gætir bjargað mannlífi.

